

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir minningarsjóð Jakobínu Magnúsdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 22. apríl 1975. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð Jakobínu Magnúsdóttur, fædd 26. 1. 1899, dáin 7. 5. 1957.

1. gr.

Sjóðurinn heitir minningarsjóður Jakobínu Magnúsdóttur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Jakobínu Magnúsdóttir hjúkrunarkonu, stofnanda kvenskátastarfs á Íslandi, af systur hennar Guðrúnu Magnúsdóttur.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins var kr. 50 000.00. Sjóðnum hafa frá stofndegi borist ýmsar gjafir og einnig hefur hann verið eflur með ýmsum fjáröflunarleiðum á vegum kvenskátafélags Reykjavíkur. Sjóðurinn er nú kr. 645 889.00. Öflun fjár er nú lokið.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja skátastarf í Reykjavík og starfsemi eldri kvenskáta að mati sjóðsstjórnar hverju sinni. Höfuðstóll sjóðsins skal aldrei vera lægri en kr. 50 000.00.

5. gr.

Ákveðið er, að sjóðurinn verði undir stjórn Félags eldri kvenskáta. Skal stjórn sjóðsins skipuð þrem fulltrúum, kosnum á aðalfundi. Stjórnin er kosin til 3 ára og skiptir sjálf með sér verkum.

6. gr.

Endurskoðandi sjóðsins skal vera endurskoðandi Skátasambands Reykjavíkur.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 24. febrúar 1975.

Guðrún Magnúsdóttir.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 128/1974, um dagvistunarheimili.

1. gr.

Við 1. mgr. 15. gr. bætist:

Með heildargólfrymi er hér átt við innanmál, þ. e. stærð innan útveggja og skilrúm reiknast ekki með í stærðarmálinu.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 14. apríl 1975.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

14. apríl 1975.

Nr. 165.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð hjónanna Magnúsar Benjamínssonar, úrsmíðameistara og Sigríðar Einarsdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 14. apríl 1975.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs hjónanna Magnúsar Benjamínssonar, úrsmíðameistara og Sigríðar Einarsdóttur.

1. gr.

Stofnfé sjóðsins er dánargjöf Magnúsar Benjamínssonar úrsmíðameistara og konu hans Sigríðar Einarsdóttur samkvæmt arfleðsluskrá dags. 21. ágúst 1954, en Magnús Benjamínsson andaðist 2. mars 1942 og Sigríður Einarsdóttir andaðist 3. maí 1956. Höfuðstóllinn nemur alls kr. 2 637 736.00 miðað við 31. desember 1974.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja rannsóknastarfsemi í læknisfræði, sérstaklega skal þó stuðla að rannsóknnum hjartasjúkdóma, leita aðferða við greiningu þeirra og ráða gegn þeim. Verja má ¼ af árlegum tekjum sjóðsins eftir 1. jan. 1975 í þessu skyni, en afgangur lagður við höfuðstól, þegar rekstrarkostnaður sjóðsins hefur verið greiddur.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 5 mönnum þannig: Formanni Kvenfélagsins Hringsins, yfirlækni eða prófessor við Barnaspítala Hringsins ásamt prófessorum við lyfja- skurð- og röntgendeildir Landspítalans. Stjórnin kýs formann og ritara úr sínum hópi, og heldur fundargerðabók. Fundargerðir skulu undirritaðar í lok fundar. Fundur skal boðaður af formanni, sem ákveður fundarstað og fundartíma, en fundur er því aðeins lögmatgur, að þrír af stjórnarmönnum séu mættir.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má ekki skerða.

Stjórnin skal leitast við, að ávaxta eignir sjóðsins á þann hátt, að rýrnun höfuðstóls verði sem minnst, t. d. með því að ávaxta hann í vísitölutrygðum skulda- bréfum eða fasteignum.

5. gr.

Stjórnin ákveður hverjir hljóta styrk úr sjóðnum. Heimilt er að hafa samvinnu við stjórn Vísindasjóðs Landspítalans um úthlutun þeirrar upphæðar, er hún ákveður að til úthlutunar komi hverju sinni. Afl atkvæða ræður, bæði hvað varðar ráðstöfun eigna og styrkveitinga úr sjóðnum.